

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 79/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 92/49/EBE og tilskipunum 2002/83/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB og 2006/48/EB að því er varðar reglur um málsmeðferð og viðmiðanir vegna varfærismats á öflun og aukningu eignarhlutdeildar á sviði fjármála ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE), 11. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB), 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) og lið 31ba (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB):

„– **32007 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 (Stjttíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB):

„eins og henni var breytt með:

– **32007 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB frá 5. september 2007 (Stjttíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).“
3. Liður 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE) breytist sem hér segir:
 - i) Núverandi aðlögunarliður a) verði aðlögunarliður b).
 - ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á undan hinum nýja aðlögunarlið b):

„a) Ákvæði 15. gr., 15. gr. a, 15. gr. b og 15. gr. c um varfærismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yfirráðasvæðis samningsaðila.“

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 11.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1.

4. Liður 7b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB) breytist sem hér segir:
- i) Núverandi ótölusettur aðlögunarliður verði aðlögunarliður b).
 - ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á undan hinum nýja aðlögunarliði b):
„a) Ákvæði 19. gr., 19. gr. a og 20. gr. um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yferráðasvæðis samningsaðila.“
5. 11. liður (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB) breytist sem hér segir:
- i) Núverandi aðlögunarliðir b), c) og d) verði aðlögunarliðir c), d) og e).
 - ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarliði a):
„b) Ákvæði 15. gr., 15. gr. a, 15. gr. b og 15. gr. c um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yferráðasvæðis samningsaðila.“
6. 14. liður (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) breytist sem hér segir:
- i) Núverandi aðlögunarliðir c) og d) verði aðlögunarliðir d) og e).
 - ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarliði b):
„c) Ákvæði 19. gr., 19. gr. a, 19. gr. b, 20. gr. og 3. mgr. 21. gr. um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yferráðasvæðis samningsaðila.“
7. Liður 31ba (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB) breytist sem hér segir:
- i) Núverandi ótölusettur aðlögunarliður verði aðlögunarliður b).
 - ii) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á undan hinum nýja aðlögunarliði b):
„a) Ákvæði 10. gr., 10. gr. a og 10. gr. b um varfærnismat á fyrirhuguðum kaupanda gilda ekki ef aðsetur fyrirhugaðs kaupanda, eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni, eða lögsagan sem hann fellur undir, er utan yferráðasvæðis samningsaðila.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/44/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.